

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Við bætist nýr töluliður, 6. tölul., sem verður svohljóðandi:

Langsjúkur: Elli- eða örorkulífeyrisþegi sem dvelst lengur en í mánuð samfellt á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum og dvölin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Sama á við ef ljóst er frá upphafi að um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými öldrunarstofnunar er að ræða, sbr. 4. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Undir almennar tannlækningar fellur meðferð sem tilgreind er í gjaldskrárnúmerum 001-060, 101-118, 201-260, 301-328, 401-457, 500-507, 524-535, 542-545, 570, 580, 701-760, 921-932 í gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands eða samningum eftir því sem við á, sbr. þó 7. og 8. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sjúkratryggingar Íslands greiða að fullu kostnað vegna allra faglega nauðsynlegra tannlækninga barna og unglínga yngri en 18 ára, sem veittar eru á grundvelli samninga milli Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna, sbr. IV. kafla laga um sjúkratryggingar, að frádregnu gjaldi sem nemur 2.500 kr. í upphafi hvers tólf mánaða tímabils.

b. Á eftir 2. mgr. 5. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Skilyrði greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands, skv. 1. mgr., er að barn sé skráð hjá heimilistannlækni. Hlutverk heimilistannlækis er m.a. að boða börn í reglulegt eftirlit eftir þörfum hvers og eins, eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og skrá ástand tanna og munnhols. Hann sér jafnframt um forvarnir og nauðsynlegar tannlækningar þeirra. Fyrirkomulag þetta kemur þó ekki í veg fyrir að annar tannlæknir geti sinnt barninu.

4. gr.

1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði við skorufyllur tanna þeirra sjúkratryggðu barna sem eru í mikilli áhættu vegna tannátu.

5. gr.

1. másl. 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. taka Sjúkratryggingar Íslands aðeins þátt í kostnaði þeirra sem falla undir 1. og 3.–5. tölul. 6. gr. vegna smíði gervigóma (heilgóma, plantagóma eða stálparta) ef meira en sex ár eru liðin frá því að sjúkratryggingar tóku þátt í kostnaði við smíði gervigóms í sama góm og fõðrana þeirra ef meira en þrjú ár eru liðin frá smíði eða fõðrun viðkomandi gervigóms.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 20. gr., 1. mgr. 29. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 2. apríl 2014.

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra.

Sveinn Magnússon.

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2014